

Nr. 110 / 09 Aggi SI 8***Eldur í vélarrúmi***

Skipaskr.nr. 6607
Smíðaður: Hafnarfirði 1985, plast
Stærð: 5,9 brl. 5,7 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 8,43 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Aggi©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2009 var Aggi SI 8 á hægri siglingu sunnan Fljótagrunns vestan Almenninga. Veður: Logn.

Skipstjóri tók eftir að viðvörun um yfirhitun aðlavélar logaði og í sama mund fór brunaviðvörunarkerfið í gang. Sá skipstjóri að reyk lagði upp frá skutnum. Hann brá skjótt við og tók tvö handslökkvitæki, opnaði niður í vélarrúmið og tæmdi úr tækjunum yfir það.

Skipstjóri taldi ekki ráðlegt að gangsetja vélina og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Sigurvin kom á staðinn og dró bátinn til Siglufjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að vélarrúmið er í skut bátsins og nær vélarrúmshlerinn yfir allt vélarrúmið. Þegar skipstjóri ætlaði að opna hlerann stóð fullt ís á honum sem hann þurfti fyrst að fjarlægja;
- að þegar skipstjóri skoðaði betur vegsummerki komst hann að því að reykurinn hafi að mestu verið vatnsgufa sem soðið hafði af kælikerfi vélarinnar. Vélin var mjög heit sérstaklega afgangsgreinin og málning en gúmmíhosur og plast á soggreininni var illa farið vegna hitans. Hann sagðist ekki hafa stöðvað vélina en hún sennilega stöðvast af slökkvimiðlinum því sjáanlegt var að ádrepari hafði ekki stöðvað gang hennar;

- að við athugun á vélinni í höfn sást að tvær reimar framan á henni voru slitnar en önnur drífur kælivatnsdælu sem veldur ofhitnun hennar þegar hringrás rofnar. En að álitni vélsmiðs, sem kom að skoðun og viðgerð, er það álitamál hver atvikaröðin var sem leiddi til óhappsins. Hugsanlegt sé að eitthvað á reki (plastpoki) hafi lokað sjóinntakinu sem er í hældrifi. Það hafi leitt til ofhitnunar og misþenslu svo öxull kælivatnsdælu hafi þyngt á henni og reimin slitnað;
- að reimarnar sem slitnuðu voru flatreimar með upphleyptum hryggjum. Reimahjólin eru með samsvarandi sporum til að auka hald en reimastrekkjari, er stillanlegt hjól á kúlulager með hjámiðju, virtist vera í lagi og ekki orsakavaldur;
- að skipstjóri sagðist hafa keypt bátinn síðastliðið vor og fengið vélsmiðju til að yfirfara helstu atriði er varðar vélbúnaðinn og m.a. allar reimar framan á henni;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa orðið var við ískur eða önnur hljóð frá reimum sem bentu til þess að hald þeirra hefði minnkað og kom þetta honum því á óvart. Hann sagðist ekki hafa orðið var við að blístra aðvörunarkerfis vélarinnar léti vita en hann sagðist hafa veitt aðvörunarljósi athygli í þann mund sem brunaviðvörunarkerfið fór í gang;
- að afleiðingar af yfirhitun voru miklar og meðal annars brann og bráðnaði allur plastbúnaður og gúmmíhosur sem voru utan á vélinni. Þá eyðilagðist túrbínan og pústgrein úr áli bráðnaði.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki um málið.